



## Agaviðurlög

vegna netnotkunar í Fangelsinu Litla-Hrauni, Hegningarhúsinu,  
Fangelsinu Kópavogsbraut 17 og Fangelsinu Akureyri

### Verklagsreglur til viðmiðunar

#### 1. gr. Markmið

Markmið reglna þessara er að tryggja samræmdar reglur um agaviðurlög við netnotkun fanga í fangelsum ríkisins.

#### 2. gr. Nettenging tölvu fanga

Nú er fangi með nettengda tölvu, hann tengist eða reynir að tengjast internetinu með einhverjum hætti eða netpungur eða annar sambærilegur búnaður finnst í fórum hans og skal hann beittur agaviðurlögum.

#### 3. gr. Agaviðurlög

Nú er fangi með nettengda tölvu, hann tengist eða reynir að tengjast internetinu með einhverjum hætti eða netpungur eða annar sambærilegur búnaður finnst í fórum hans og skal hann sviptur tölvu sem hér segir:

- Í 1. skipti: Svipting tölvu í 1 mánuð.*
- Í 2. skipti: Svipting tölvu í 2 mánuði.*
- Í 3. skipti: Leyfi til að hafa tölvu á klefa skal afturkallað og verður ekki endurskoðað fyrir en eftir a.m.k. 6 mánuði.*

#### 4. gr. Dagsleyfi og vistun utan fangelsa

Nú er fangi með nettengda tölvu, hann tengist eða reynir að tengjast internetinu með einhverjum hætti eða netpungur eða annar sambærilegur búnaður finnst í fórum hans og skal það hafa áhrif á dagsleyfi og vistun utan fangelsa sem hér segir:

- Í 1. skipti: Dagsleyfi kemur að jafnaði ekki til greina fyrir en að einum mánuði liðnum frá broti.*
- Í 2. skipti: Dagsleyfi kemur að jafnaði ekki til greina fyrir en að 2 mánuðum liðnum frá broti. Vistun á Vernd kemur að jafnaði ekki til greina fyrir en að 2 mánuðum liðnum frá broti.*
- Í 3. skipti: Dagsleyfi kemur að jafnaði ekki til greina fyrir en að 6 mánuðum liðnum frá broti. Vistun á Vernd kemur að jafnaði ekki til greina fyrir en að 6 mánuðum liðnum frá broti.*

Fangelsismálastofnun ríkisins, 22. september 2011.

Páll E. Winkel